



**A 1662/miljø**

Lagt fram af:  
Flokkahópi jafnaðarmanna

Til umfjöllunar í:  
Umhverfis- og  
náttúruauðlindanefnd

Málsnúmer: 15-00229-2

## Þingmannatillaga um úttekt á úrgangsstraumum á Norðurlöndum

Frá því í janúar 2015 hefur athygli umhverfis- og náttúruauðlindanefndar Norðurlandaráðs beinst að stefnu í úrgangsmálum, meðal annars með kynningum sérfræðinga og umræðu innan nefndarinnar. Hér er á ferðinni margslungið og mikilvægt viðfangsefni en þrátt fyrir að framfarir hafi orðið á Norðurlöndum sýna tölur að enn er margt verk óunnið.

Sá þáttur sem tekinn er fyrir í þessari tillögu eru flutningar á úrgangi yfir landamæri norrænu landanna. Mállefnið er efnahagslega mikilvægt en einnig frá sjónarhóli orkustefnu og umhverfis. Norðurlönd eru að mörgu leyti forgangssvæði í umhverfis- og auðlindamálum en engu að síðu er enn sem fyrr þörf á því að líta á starfshætti okkar gagnrýnum augum, einkum þegar ESB er einnig að breyta stefnu sinni í þessum málum með hugtakið hringrásarhagkerfi að leiðarljósi.

Sem dæmi má nefna að á árunum 2009–2013 jókst innflutningur á úrgangi til Svíþjóðar um meira en helming. Tölur frá sænskum náttúruverndaryfirvöldum, Naturvårdsverket, sýna ennfremur að 57% alls úrgangs sem fluttur er inn til Svíþjóðar kemur frá Noregi. Daglega leggja 50 vörubílar af stað með úrgangsleifar frá Vestur-Noregi og aka þvert yfir austurland Noregs á leið sinni til Svíþjóðar. Þar fer brennslan iðulega fram í kraftmiklum og umhverfisvænum brennslustöðvum þar sem fjarhiti er unninn úr úrganginum. 85% af innfluttum úrgangi fer til endurnýtingar í orkugeiranum og þannig á innflutningur úrgangs þátt í að seðja orkuþörf á Norðurlöndum.

Engu að síður er ástæða til að velta fyrir sér hvort það sé umhverfisvænt að flytja úrgang um meira en þúsund kílómetra veg til brennslu, einkum í ljósi þess að á síðari árum hefur mikið verið fjárfest í nútímalegum brennslustöðvum í Noregi, meðal annars í Rådalen skammt frá Björgvin og Klemetsrud í námunda við Ósló. Fagfólk á þessum stöðum vísar til þess að lágt brennsluverð í Svíþjóð hvetji til þess að norskur úrgangur sé fluttur úr landi fremur en að brenna hann á staðnum og hlífa þannig umhverfinu við því álagi sem langferðaflutningar valda.

Flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði telur því mikilvægt að varpað verði ljósi á raunverulegar aðstæður og síðan verði metið hvort þörf sé á pólitískum aðgerðum til þess að búa betur í haginn fyrir aukinni auðlindanýtni á Norðurlöndum. Því er lagt til að úrgangsstraumar og áhrif þeirra á umhverfið verði kortlagðir og ennfremur að gerð verði samanburðargreining á reglum og gjöldum sem hafa áhrif á flutninga á úrgangi milli landa.

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún kortleggi úrgangsstrauma milli norrænu landanna og umhverfisáhrif þeirra;

að hún geri samanburðargreiningu á reglugerðum og gjaldtöku-kerfum norrænu landanna á sviði úrgangsmála og ennfremur hvaða áhrif þau hafa á flutninga á úrgangi milli landa.

Ósló, 8. september 2015

*Aleqa Hammond (S)*

*Annette Lind (S)*

*Gunvor Eldegard (A)*

*Henrik Dam Kristensen (S)*

*Ineqi Skourup Kielsen (S)*

*Johan Andersson (S)*

*Karen J. Klint (S)*

*Karin Gaardsted (S)*

*Lennart Axelsson (S)*

*Maarit Feldt-Ranta (sd)*

*Marit Nybakk (A)*

*Mogens Jensen (S)*

*Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (A)*

*Per Rune Henriksen (A)*

*Phia Andersson (S)*

*Pyry Niemi (S)*

*Sonja Mandt (A)*

*Suzanne Svensson (S)*

*Ville Skinnari (sd)*

Norðurlandaráð

**A 1662/miljø**

Lagt fram af:

Flokkahópi jafnaðarmanna

Til umfjöllunar í:

Umhverfis- og

náttúruauðlindanefnd

Málsnúmer: 15-00229-2